5. stjórnarfundur

7. september 2016

Fundarstaður: Veitingastaðurinn Geiri Smart 7. september 2016, kl. 17:30-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Birta Kristín Helgadóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir, Vigdís Harðardóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.Elín Smáradóttir, Hjördís Sigurðardóttir og Íris Baldursdóttir boðuðu forföll.

1. Samþykkt fundargerðar frestað til næsta fundar

Samþykkt fundargerðar var frestað til næsta fundar.

2. Hádegisverðurinn með kanadísku konunum frá Desk and Derrick Club

Vel tókst til með hádegisverð með félögum úr Desk and Derrick Club þann 22. ágúst sl. Skoða þarf hvort ekki ætti að stefna að því að tengjast félaginu á einhvern hátt, t.d. að hafa upplýsingar um á heimsíðu. .Kanna þarf hvort félagmennum hafa áhuga á að auka frekar tengsl við félög að þessum tagi.

3. Gangan á Helisheiði

Ganga á Hellisheiði í boði OR, var mjög vel heppnuð, en um 30 konur tóku þátt. Stefnt að því að gera slíka ferð að árlegum viðburði.HP sendir þakkar bréf á OR.

4. Heimasíða

Útskýra þarf hugmyndina að merki félagsins (birta þær upplýsingar á Facebook og nýrri heimasíðu).Samþykkt að leitað verði eftir tilboðum í gerð heimasíðu fyrri KÍÓ. Petra leitar eftir tilboðum.

5. Skrárningar í félagið

Skráðir félagar eru 197.

6. Heimsókn í ANR

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur boðið félagskonum að koma í ráðuneytið þann 29. september. n.k. kl. 17:00-18:00. Harpa er í sambandi við ráðuneytið varðandi dagskrána.

7. Ice-breaker – ráðstefnan 19. sept. í Hörpu

Banner KÍÓ verður á settur upp. Birta og Petra munu stýra viðburði í hádeginu þann 19. sept. undir yfirskriftinni:„Hvernig á að nota merketing til auka fjölda kvenna og ungs fólks í orkumálum“Þær verða í sambandi við ráðstefnuhaldara varðandi praktísk atriði.

8. Styrkir

Leitað vera eftir styrk frá Arion banka. Bankinn munekki veita beinann fjárstyrk en bauð afnot af ráðstefnusal bankas í Borgartúni til fundarhalda.Bæði Landsvirkjun og Landsbankinn hafa staðfest að fyrirtækin verði bakhjarlar KÍÓ og hafa gefið vilyrði fyrir styrkjum að upphæð 750.000.

9. Samorka – opinn fundur um konur í bransanum

Samorka hyggst standa fyrir opnum fundi um stöðu kvenna í orkugeriarnum. Samorka mun hafa samband við KÍÓ um innlegg á fundinum.

10. Önnur mál

1. Fyrsti karlmaðurinn skráður í félagið – Eiríkur Hjálmarsson hjá OR.

2. Stjórn KÍÓ stefnir á kvöldverð á haustmánuðum

3. Rætt um að halda viðburð þar sem félagskonur myndu kynna sín verkefni í stuttu máli, nokkurskonar örerindi. Athuga hvort hægt yrði að halda slíkan viðburð í Svartsengi.

Harpa talar við HS-Orku.

Næsti fundur:Næsti fundur boðaður 6. október kl. 17:30. Formaður sendir upplýsingar um stað þegar nær dregur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið